

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Leikritunarsjóðinn Prologos.

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn ber nafnið Leikritunarsjóðurinn Prologos. (Prologos).

2. gr.

Heimilisfang og umsýsla.

Heimilisfang Prologos er í húsakynnum Þjóðleikhússins við Hverfisgötu 19, 101 Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur.

Markmið Prologos er að hlúa að leikritun á Íslandi og efla höfundastarf við Þjóðleikhúsið.

Framlög úr sjóðnum eiga að vera höfundum hvatning til að skrifa fyrir leikhús, og auðvelda þeim að helga sig vinnu við að þróa hugmyndir að leikhandritum. Sjóðnum er ætlað að styrkja, að jafnaði, sex höfunda til að vinna að leikverkum á ári hverju. Ennfremur er sjóðnum ætlað að styðja leiksmiðju- eða tilraunaverkefni. Loks má nýta fé sjóðsins til að stuðla að framþróun og eflingu leikritunar með öðrum hætti, svo sem með höfundasmiðjum, samkeppni og útgáfu á leikverkum.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur sjóðsins eru:

A) Bjarni Ármannsson, kt. 230368-5389, Bakkavör 28, 170 Seltjarnarnesi.

Stofnframlag: kr. 8.000.000 átta milljónir íslenskra króna 00/100.

B) Helga Sverrisdóttir, kt. 291168-3299, Bakkavör 28, 170 Seltjarnarnesi.

Stofnframlag: kr. 8.000.000 átta milljónir íslenskra króna 00/100.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 16.000.000 sextán milljónir íslenskra króna 00/100 sem er framlag stofnenda samkvæmt 4. gr.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hann kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í sjóðnum tilheyra stofnendum hans.

6. gr.

Tekjur.

Prologos mun ekki sinna neins konar atvinnustarfsemi. Einu tekjur sjóðsins geta því falist í arði af stofnframlagi, styrkjum, gjöfum eða öðrum sambærilegum framlögum sem sjóðnum kunna að berast, enda hafi stjórn hans samþykkt að taka við slíkum framlögum.

7. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur aðilum sem skulu vera eftirtaldir:

1. Þjóðleikhússtjóri.

2. Aðili tilnefndur af stofnendum.

3. Aðili sem stofnendur og þjóðleikhússtjóri koma sér saman um.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórn situr til eins árs en við lok hvers starfsárs skal gerð opinberlega grein fyrir fjárframlögum úr sjóðnum á liðnu starfsári.

Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hans hönd. Stjórnin tekur ákvörðun um fjárframlög úr sjóðnum að höfðu samráði við fagråd samkvæmt 8. gr. Stjórn er ekki skuldbundin til að taka ákvörðun í samræmi við meðmæli fagráðs.

Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt prókúruumboð fyrir sjóðinn.

Formaður stjórnar boðar til funda en hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tók á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afli atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Fagråd.

Innan sjóðsins skal starfa fagråd skipað aðilum sem stjórn sjóðsins kemur sér saman um.

Fagråd skal meta umsóknir sem berast til sjóðsins og mæla með verkefnum til stjórnar. Fagråd skal einnig vinna að frekari þróun sjóðsins með stjórn hans.

9. gr.

Forsendur úthlutunar og fyrirkomulag.

Auglýsa skal eftir hugmyndum sem samrýmast markmiðum Prologos eins og þau eru skilgreind í 3. gr. Fagråd sjóðsins fjallar um innsendar umsóknir og mælir með verkefnum til áframhaldandi vinnslu, en stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um úthlutun. Jafnframt getur fagråd að eigin frumkvæði mælt með verkefnum. Stefnt er að því að úthlutun úr sjóðnum fari fram þrisvar á ári, að hausti, um mitt leikár og að vori. Miðað er við að tveir höfundar hljóti styrk við hverja úthlutun, en þeir geta þó verið fleiri eða færri í hvert sinn.

Framlög til höfunda eða annarra leikhúslistamanna frá Prologos eru með þrennum hætti eins og nánar er skilgreint hér að neðan:

1. *Framlag ætlað til úrvinnslu á innsendri hugmynd eða verklýsingu sem hlotið hefur meðmæli fagráðs.*

Framlagið er alls kr. 600 þúsund og greiðist helmingur upphæðarinnar (kr. 300 þúsund) eftir að ákvörðun um framlag liggur fyrir, en lokagreiðsla (kr. 300 þúsund) er innt af hendi við skil á handritsdrögum til sjóðsins. Handritsdrögum skal skilað til Þjóðleikhússins eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fyrri helmingur upphæðarinnar hefur verið greiddur, ella fellur réttur höfundar til síðari helmings greiðslunnar niður. Aðilar geta samið um lengri frest.

Við umsókn skal leggja fram:

- a) Stutta lýsingu á verkinu (1-2 bls.) með persónulista, lýsingu á atburðarás og öðru sem höfundur vill koma á framfæri.
- b) Fimm blaðsíður af leiktexta.
- c) Ferilskrá.

Þjóðleikhúsið hefur forgangsrétt á sviðsetningu leikrita sem hlotið hafa framlag úr Prologos. Forgangsrétturinn er í gildi í 18 mánuði frá því að höfundur skilar inn handriti/handritsdrögum til leikhússins. Þjóðleikhúsið getur tryggt sér sýningarrétt á verkinu með samningi við höfund, samkvæmt gildandi samningi við Rithöfundasambandið og Félag leikskálda og handritshöfunda. Ef ekki er gengið frá samningi við höfund innan 18 mánaða frá skilum á handriti/handritsdrögum, er höfundur ekki lengur skuldbundinn Þjóðleikhúsinu og getur boðið verkið til sýninga annars staðar.

2. *Leiksmiðja eða tilraunaverkefni.*

Sjóðurinn stefnir að því að leggja fram árlega a.m.k. 1 milljón króna til þess að koma á fót leiksmiðju eða setja á laggirnar tilraunaverkefni, þar sem teft er saman fólk úr ólíkum listgreinum. Úthlutun fjármuna til slíkra verkefna tekur mið af innsendum umsóknum, en sjóðurinn getur einnig átt frumkvæði að því að stofna til slíkra tilraunaverkefna.

3. *Annað.*

Annað það sem stjórn sjóðsins ákveður og samrýmist markmiðum sjóðsins samkvæmt 3. gr.

10. gr.

Framkvæmdastjóri.

Stjórn sjóðsins getur tekið ákvörðun um að ráða framkvæmdastjóra. Ef framkvæmdastjóri er ráðinn hefur hann með höndum stjórn á daglegum rekstri sjóðsins og kemur fram fyrir hönd hans í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

11. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur (eða endurskoðendafélög) ásamt varamönnum til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða hugsanlegra starfsmanna sjóðsins.

12. gr.

Reikningsárið.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 30. mars ár hvert.

13. gr.

Breyting samþykktá, slit og sameining.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra.

14. gr.

Slit.

Með tillögur um slit og skipti á sjóðnum skal fara sem um breytingar á skipulagsskrá þessari. Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal hrein eign hans renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Sjóðurinn er starfræktur á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa á grundvelli staðfestrar skipulagsskrár, sbr. og reglugerð nr. 140/2008 um sama efni.

Skipulagsskrá þessi skal fá staðfestingu sýslumanns.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 26. febrúar 2009.

F. h. s.

Helgi Már Ólafsson.

Lára Kr. Gísladóttir.